

Nr. 17 143 S 108 Skróður Viðeyjarferja**Slys á fólki og skipið strandar**

Skipaskr.nr. 1919
 Útgerð: Elding Hvalaskoðun Reykjavík ehf
 Smíðaður: Noregi 1979, ál.
 Stærð: 34,81 brl. 33,00 bt.
 Mesta lengd: 16,52 m Skráð lengd: 15,12 m
 Breidd: 4,80 m Dýpt: 2,12 m
 Vél: 2 x Bens, 744 kw, 1979.
 Fjöldi skipverja: 2
 Fjöldi farþega: 35



Skrúður©Hilmar Snorrason

Gögn:

Lögregluskýrsla
 Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 12. mars 2018 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrasyni, Pálma K Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 15. september 2017 var Skróður á siglingu með farþega frá Viðey að Skarfabakka í Reykjavíkurbær. Veður: A 2 m/s. Fjara kl. 20:49, flóð kl. 03:00
 Sjávarfallamunur 2,2 m. Djúprista 2,12 m.

Þegar verið var að losa landfestar í Viðey klemmdi hásetinn vísifingur vinstri handar milli tógsins og polla. Eftir að bátinn var farinn frá bryggju fór skipstjórinn að sinna meðslum hásetans. Um kl. 23:00 þegar báturinn var farinn að nálgast Skarfabakka sigldi hann með stefnið upp í grjótgarðinn vestan við bryggjustæðið. Dráttarbáturinn Leynir dró Skróð af strandstað.

Við rannsókn kom fram:

- að skipverjar voru búnir að fara nokkrar ferðir milli Skarfabakka og Viðeyjar frá því kl. 15:00 um daginn og voru í síðustu ferð dagsins;
- að hásetinn varð fyrir ónæði og truflun frá farþega við losun landfesta í Viðey með þeim afleiðingum að vísifingur vinstri handar klemmdist milli polla og tógsins;
- að skipstjórinn setti sjálfstýringu á þegar stefnan var tekin á Skarfabakka og fór að sinna hásetanum. Fram kom hjá skipstjóra að



Strandstaður

hann hafi verið kominn á handstýringu þegar báturinn nálgast grjótgarðinn við Skarfabakka;

- að báturinn var á 6,1 sml ferð þegar hann strandar á grjótgarðinum;
- að fram kom að farþegar hefðu verið á stjórnþalli sem truflaði siglinguna og síðan björgunina. Stjórnþök bátsins voru í opnu rými sem farþegar höfðu greiðan aðgang að;
- að skipstjórinn tók þá ákvörðun að rýma bátinn og láta þá farþega sem treystu sér fara í land upp á grjótgarðinn;
- að hræðsla skapaðist meðal farþega og kvörtuðu þeir undan skort á upplýsingagjöf og stjórnun;
- að farþegaskipið Gestur, frá sömu útgerð, kom nokkru síðar á strandstað og tók þá farþega sem eftir voru um borð;
- að skemmdir voru á stefni og stjórnborðs skrúfu;
- að leki kom að bátinum inn í stefnistank;
- að skipstjórinn var ekki lögskráður á bátinn;
- að sögn eins farþegans slóst hún utan í þil í sal niðri þegar báturinn strandaði og tagnaði á hálsi.



Skemmdir á stefni

Nefndarálit:

Orsök strandsins er óaðgæsla við stjórn skipsins.

Nefndin átelur að lögskráning var ekki í lagi.